

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps/Borgarfjarðar eystra 1981-2001 frá 16. apríl 1982, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frístundabyggð í landi Úlfsstaða, Fljótaldalshéraði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að frístundasvæði í landi Úlfsstaða stækkar úr 14,8 ha í 17,9 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótaldalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að á svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 – íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verður sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín með aðkomu frá Flatahrauni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nesjar í Grafningi, deiliskipulag frístundabyggðar við Illagil, Jórugil og Jónslaut.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 13. október 2004 deiliskipulag í landi Nesja í Grafningi.

Gert er ráð fyrir 19 nýjum frístundalóðum á ás milli svokallaðs Illagils og Jónslautar, 1 frístundalóð vestan við Jónslaut og 3 lóðum norðan við Jórugil. Alls 23 lóðir 5.600 til 11.000 m² að stærð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. september 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sandgerði.

Deiliskipulag við Lækjamót.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 4. maí 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Lækjamót í Sandgerði.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Nátthaga við Þóroddsstaði ásamt útivistarsvæði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 6. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Nátthaga við Þóroddsstaði ásamt útivistarsvæði.